



SAMANDREGINN ÁRSHLUTAREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR
1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2022



EFNISYFIRLIT

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjárfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Hagar hf. („félagið“) er verslunarfyrirtæki með starfsemi á Íslandi en félagið er leiðandi á íslenskum matvöru-, sérvöru- og eldsneytismarkaði. Í lok tímabilsins starfrækti félagið 38 matvöruverslanir, 22 Olís þjónustustöðvar, 45 ÓB-stöðvar, tvö vöruhús, eina framleiðslustöð, eina netverslun með matarpakka, eina birgðaverslun og eina sérvöruverslun. Kjarnastarfsemi Haga er á sviði matvöru og tengdra vöruhúsa, auk eldsneytissölu.

Árshlutareikningur Haga hf. fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2022 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn samanstendur af samandregnum samstæðureikningi Haga hf. og dótturfélaga þess, sem vísað er til sem samstæðunnar.

Rekstur tímabilsins og fjárhagsleg staða

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu var hagnaður af rekstri samstæðunnar að fjárhæð 4.214 millj. kr. (2021/22: 3.277 millj. kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 71.900 millj. kr. (árslok 2021/22: 65.192 millj. kr.). Eigið fé í lok tímabilsins nam 27.196 millj. kr. (árslok 2021/22: 26.726 millj. kr.) og var eiginfjárhlutfall 37,8% (árslok 2021/22: 41,0%).

Starfsemi samstæðunnar hefur verið að færast í eðlilegra horf í samanburði við síðustu tvö rekstrarár, en áhrif COVID-19 heimsfaraldursins hafa farið dvínandi. Ferðalög landsmanna utan hafa aukist og erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað, sem hefur áhrif á eftirspurn á mörkuðum fyrir dagvöru og eldsneyti. Hnökra gætir þó enn í framleiðslu matvöru og í aðfangakeðjunni, bæði vegna eftirstöðva heimsfaraldursins og ekki síður vegna stríðsátaka í Úkraínu. Hvoru tveggja hefur leitt til verulegrar hækkunar á verði aðfanga, verðbólga hefur aukist og vaxtastig hækkað. Hagar munu, eftir sem áður, leggja áherslu á að sporna við hækkandi vöruverði til neytenda og leggja þannig sitt af mörkum til að tryggja viðskiptavinum sínum vörur og þjónustu á sem hagkvæmasta verði og um leið leggja lóð á vogarskálar til að halda aftur af verðbólgu.

Á þriðja ársfjórðungi gætir áhrifa af kjarasamningum sem undirritaðir voru í desember, en vegna afturvirkni til 1. nóvember 2022 var færð gjaldfærsla á tímabilinu, auk varúðarfærslu vegna ófrágenginna kjarasamninga. Áhrif kjarasamninga hjá félaginu verða nokkuð umfram þær meðaltals prósentuhækkanir sem fjallað er um í samningunum þar sem nokkuð stór hluti starfsfólks er á kjarasamningstöxtum, en hækkun taxta nemur á bilinu 10-13%.

Afkomuspá stjórnenda gerir ráð fyrir að rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) samstæðu Haga fyrir rekstrarárið 2022/23 verði á bilinu 10.200-10.700 millj. kr., ef frá eru talin áhrif einskiptisliða sem tengjast sölu á eignum til Klasa og endurgreiðslu flutningsjöfnunargjalds. Áhrif einskiptisliða á EBITDA samstæðunnar voru á öðrum ársfjórðungi um 966 millj. kr. vegna sölu á eignum til Klasa og á þriðja ársfjórðungi 451 millj. kr. vegna endurgreiðslu flutningsjöfnunargjalds.

Fjárhagsleg staða samstæðu Haga hf. er sterk og er félagið vel í stakk búið að takast á við ögrandi aðstæður í íslensku efnahagslífi. Fjármögnun samstæðunnar er að mestu tryggð til langs tíma og er aðgangur tryggður að skammtímafjármögnun í formi lánalína að fjárhæð 4,5 ma. kr. og USD 12,5 millj.

Kaup á nýju hlutafé í Klasa ehf.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en samruninn og áhrif viðskiptanna komu til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs, þann 31. ágúst 2022. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 16.

Kaup á Eldum rétt ehf.

Í mars 2022 náðu Hagar samkomulagi við eigendur Eldum rétt ehf. um kaup Haga á öllu hlutafé Eldum rétt ehf. Kaupin voru gerð með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins sem samþykkti samrunann þann 17. október 2022. Hagar tóku við rekstri félagsins þann 1. nóvember 2022. Nánari upplýsingar má finna í skýringu 16.

SKÝRSLA OG YFIRLÝSING STJÓRNAR OG FORSTJÓRA, FRH.:

Hlutafé og hluthafar

Skráð hlutafé félagsins nam í lok tímabilsins 1.133 millj. kr. en félagið á eigin hluti að nafnverði 13,9 millj. kr. Hver hlutur er ein króna að nafnverði. Allir hlutir eru í sama flokki og njóta sömu réttinda.

Hluthafar voru 986 í byrjun rekstrarársins og 1.034 í lok nóvember.

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa vegna síðastliðins árs sem nemur 2,0 krónum á hlut eða um 2.265 millj. kr. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022. Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutafé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. Lækkunin kom til framkvæmda þann 21. júlí 2022 og lækkaði hlutafé Haga því úr 1.154 millj. kr. að nafnverði í 1.133 millj. kr. að nafnverði.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra gefur samandreginn árs hlutareikningur glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2022, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 30. nóvember 2022 og breytingum á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árs hlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glögg t yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu hennar, og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Haga hf. hafa í dag farið yfir árs hlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. mars til 30. nóvember 2022 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Árs hlutareikningurinn er undirritaður með rafrænum hætti í samræmi við lög nr. 55/2019, um rafræna auðkenningu og traustþjónustu um rafræn viðskipti.

Reykjavík, 12. janúar 2023

Stjórn:

Davíð Harðarson, formaður

Eva Bryndís Helgadóttir, varaformaður

Eiríkur S. Jóhannsson, meðstjórnandi

Jensína Kristín Böðvarsdóttir, meðstjórnandi

Sigríður Olgeirsdóttir, meðstjórnandi

Forstjóri:

Finnur Oddsson

REKSTRARREIKNINGUR OG YFIRLIT UM HEILDARAFKOMU

1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2022

	Skýr.	Þriðji ársfjórðungur		Þrjár ársfjórðungar	
		2022 1.9.-30.11.	2021 1.9.-30.11.	2022 1.3.-30.11.	2021 1.3.-30.11.
Vörusala		40.220	33.551	121.832	100.470
Kostnaðarverð seldra vara		(32.919)	(26.635)	(98.584)	(79.321)
Framlegð		7.301	6.916	23.248	21.149
Aðrar rekstrartekjur	17	587	125	936	354
Hagnaður af sölu eigna	16	0	0	882	349
Laun og launatengd gjöld		(3.578)	(3.132)	(10.459)	(9.564)
Annar rekstrarkostnaður		(1.712)	(1.374)	(4.972)	(4.212)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		2.598	2.535	9.635	8.076
Afskriftir	7	(1.085)	(1.105)	(3.205)	(3.007)
Rekstrarhagnaður		1.513	1.430	6.430	5.069
Hrein fjármagnsgjöld	8	(414)	(373)	(1.384)	(1.104)
Áhrif hlutdeildarféлага		34	23	172	144
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.133	1.080	5.218	4.109
Tekjuskattur		(223)	(239)	(1.004)	(832)
Heildarhagnaður tímabilsins		910	841	4.214	3.277
Skipting hagnaðar:					
Hluthafar móðurfélags		910	841	4.214	3.267
Hlutdeild minnihluta		0	0	0	10
		910	841	4.214	3.277
Hagnaður á hlut:					
Grunnhagnaður á hlut		0,82	0,73	3,74	2,84
Þynntur hagnaður á hlut		0,82	0,73	3,67	2,82
Starfsþáttaryfirlit, skýring	6				

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

EFNAHAGSREIKNINGUR 30. NÓVEMBER 2022

	Skýr.	30.11.2022	28.2.2022
Eignir			
Rekstrarfjármunir		21.076	21.215
Fjárfestingarfasteignir		3.420	3.474
Óefnislegar eignir		12.194	10.723
Leigueignir	13	8.464	8.151
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		4.844	1.443
Aðrar langtímakröfur		60	58
Fastafjármunir samtals		50.058	45.064
Vörubirgðir	9	14.258	10.707
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	10	6.266	6.250
Handbært fé		1.318	783
Veltufjármunir samtals		21.842	17.740
Eignir til sölu	16	0	2.388
Eignir samtals		71.900	65.192
Eigið fé			
Hlutfé		1.119	1.139
Yfirverðsreikningur hlutfjár		0	1.147
Lögbundinn varasjóður		283	285
Bundnir eiginfjárreikningar		6.139	5.286
Óráðstafað eigið fé		19.655	18.869
Eigið fé samtals		27.196	26.726
Skuldir			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	11	11.855	11.720
Leiguskuldir	13	7.192	6.918
Tekjuskattsskuldbinding		3.372	2.312
Langtímaskuldir samtals		22.419	20.950
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	11	443	451
Skuldir við lánastofnanir	11	2.150	0
Leiguskuldir	13	2.041	1.966
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	12	17.651	15.099
Skammtímaskuldir samtals		22.285	17.516
Skuldir samtals		44.704	38.466
Eigið fé og skuldir samtals		71.900	65.192
Aðrar upplýsingar, skýringar	14-15,18		

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

EIGINFJÁRYFIRLIT

1. MARS TIL 30. NÓVEMBER 2022

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur hlutfjár	Lög- bundinn varasjóður	Bundinn hlutdeildar- reikningur	Bundinn eiginfjár- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
<i>Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2022</i>									
Eigið fé 1. mars 2022	1.139	1.147	285	5.274	12	18.869	26.726	0	26.726
Endurkaup á eigin bréfum - ógild*	(6)	(494)					(500)		(500)
Endurkaup á eigin bréfum	(14)	(653)				(333)	(1.000)		(1.000)
Heildarhagnaður tímabilsins						4.214	4.214		4.214
Breyting á varasjóð			(2)			2	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttasamninga ...					21		21		21
Flutt á bundinn hlutdeildarreikning				832		(832)	0		0
Greiddur arður, 2,00 kr. á hlut						(2.265)	(2.265)		(2.265)
Eigið fé 30. nóvember 2022	1.119	0	283	6.106	33	19.655	27.196	0	27.196

Breytingar á eigin fé 1. mars til 30. nóvember 2021

Eigið fé 1. mars 2021	1.154	2.132	289	4.433	0	17.181	25.189	(2)	25.187
Endurkaup á eigin bréfum	(8)	(492)					(500)		(500)
Heildarhagnaður tímabilsins						3.267	3.267	10	3.277
Breyting á varasjóð			(2)			2	0		0
Flutt af bundnum hlutdeildarreikning				(63)		63	0		0
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga ..					12		12		12
Hlutdeild minnihluta við sölu á dótturfélagi							0	(8)	(8)
Greiddur arður, 1,27 kr. á hlut						(1.466)	(1.466)		(1.466)
Eigið fé 30. nóvember 2021	1.146	1.640	287	4.370	12	19.047	26.502	0	26.502

Þann 1. júní 2022 samþykkti aðalfundur félagsins að greiddur yrði arður til hluthafa sem nemur 2,0 krónum á hlut. Arðurinn var greiddur þann 15. júní 2022.

*Aðalfundur samþykkti einnig að lækka hlutfé félagsins til ógildingar á eigin hlutum að nafnverði 21,6 millj. kr. og er skráð hlutfé eftir lækkun því 1.133 millj. kr. og eigin bréf samtals 13,9 millj. kr. í lok tímabilsins.

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuárshlutareikningnum.

SKÝRINGAR

1. Félagið

Hagar hf. („félagið“) er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Holtavegi 10, Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. mars 2022 til 30. nóvember 2022 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“ og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga“. Aðalstarfsemi félagsins er rekstur smásöluverslana og sala á eldsneyti. Yfirlit yfir félög í samstæðunni má finna í skýringu 14.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði þann 28. febrúar 2022.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 12. janúar 2023.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem lauk í febrúar 2022. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.hagar.is.

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

5. Viðskiptavild

Engar vísbendingar voru um virðisrýrnun viðskiptavildar þann 30. nóvember 2022 og vegna þess var virðisrýrnunarpróf ekki framkvæmt.

6. Starfspáttayfirlit

Starfspáttir samstæðunnar eru tveir, verslanir og vöruhús annars vegar og Olís hins vegar. Starfsemi verslana og vöruhúsa er nær eingöngu í smásölurekstri matvöru á Íslandi. Stjórnendur leggja mat á smásöluverslun eftir mismunandi tegundum verslana og landsvæðum og líta svo á að hún byggist á sambærilegum efnahagslegum einkennum, vörum, viðskiptavinum og birgjum. Heildsölurekstur matvöru og smásölurekstur sérvöru er óverulegur og undir þeim tekju-, hagnaðar- og eignamörkum sem hafa ber til viðmiðunar við gerð starfspáttayfirlits. Starfsemi Olís er að stærstum hluta í sölu eldsneytis og þjónustu sem því tengist.

SKÝRINGAR, FRH.:

6. Starfspáttayfirlit. frh.

Fyrstu 9 mánuðir 2022/23

	Verslanir og vöruhús 1.3.-30.11.	Olís 1.3.-30.11.	Jöfnunar- færslur 1.3.-30.11.	Samtals
Vörusala	77.251	45.596	(1.015)	121.832
Aðrar rekstrartekjur og söluhagnaður	743	1.247	(172)	1.818
Heildartekjur starfspáttá	77.994	46.843	(1.187)	123.650
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(71.792)	(43.410)	1.187	(114.015)
EBITDA starfspáttá	6.202	3.433	0	9.635
Afskriftir starfspáttá	(2.550)	(655)	0	(3.205)
Áhrif hlutdeildarféлага	8	164	0	172
Rekstrarafkoma starfspáttá	3.660	2.942	0	6.602
Hrein fjármagnsgjöld	(1.233)	(151)	0	(1.384)
Tekjuskattur				(1.004)
Hagnaður tímabilsins				4.214
30. nóvember 2022				
Eignir starfspáttá	49.325	22.575	0	71.900
Eignir samtals				71.900
Skuldir starfspáttá	33.702	11.002	0	44.704
Skuldir samtals				44.704
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	1.309	395	0	1.704
<i>Fyrstu 9 mánuðir 2021/22</i>				
Vörusala	70.474	31.450	(1.454)	100.470
Aðrar rekstrartekjur	828	44	(169)	703
Heildartekjur starfspáttá	71.302	31.494	(1.623)	101.173
Heildarrekrargjöld starfspáttá	(64.915)	(29.805)	1.623	(93.097)
EBITDA starfspáttá	6.387	1.689	0	8.076
Afskriftir starfspáttá	(2.306)	(701)	0	(3.007)
Áhrif hlutdeildarféлага	10	134	0	144
Rekstrarafkoma starfspáttá	4.091	1.122	0	5.213
Hrein fjármagnsgjöld	(936)	(168)	0	(1.104)
Tekjuskattur				(832)
Hagnaður tímabilsins				3.277
30. nóvember 2021				
Eignir starfspáttá	46.223	19.553	0	65.776
Eignir samtals				65.776
Skuldir starfspáttá	29.213	10.061	0	39.274
Skuldir samtals				39.274
Fjárfestingar starfspáttá (nettó)	1.096	311	0	1.407

SKÝRINGAR, FRH.:

7. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:

	2022 1.9.-30.11	2021 1.9.-30.11.	2022 1.3.-30.11.	2021 1.3.-30.11.
Afskriftir rekstrarfjármuna	540	559	1.604	1.548
Afskriftir fjárfestingarfasteigna	8	29	46	76
Afskriftir leigueigna	443	447	1.308	1.180
Afskriftir óefnislegra eigna	52	33	148	100
Hlutdeild í afskriftum Olíudreifingar ehf.	42	37	99	103
Afskriftir samtals	1.085	1.105	3.205	3.007

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur af innstæðum og kröfum	10	(5)	18	9
Vaxtagjöld og verðbætur	(325)	(258)	(1.175)	(752)
Vaxtagjöld leiguskuldar	(127)	(123)	(374)	(357)
Fjármagnsgjöld samtals	(452)	(381)	(1.549)	(1.109)
Gengismunur	28	13	147	(4)
Hrein fjármagnsgjöld	(414)	(373)	(1.384)	(1.104)

9. Vörubirgðir

Vörubirgðir greinast þannig:

	30.11.2022	28.2.2022
Matvara	5.957	5.115
Sérvara	2.177	1.885
Eldsneyti	5.791	3.316
Vörur í flutningi	333	391
Vörubirgðir samtals	14.258	10.707
Niðurfærsla birgða í lok tímabils	333	285

10. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur	5.486	4.877
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(279)	(273)
Greiðslukortakröfur	726	1.379
Aðrar skammtímakröfur	330	231
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	3	36
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	6.266	6.250

SKÝRINGAR, FRH.:

11. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:

	Vegið meðaltal vaxta		Eftirstöðvar	
	30.11.2022	28.2.2022	30.11.2022	28.2.2022
Skuldir í ISK, óverðtryggðar	5,80%	3,80%	5.907	6.569
Skuldir í ISK, verðtryggðar	2,80%	2,80%	6.391	5.602
Lánalína í ISK	7,40%	-	2.150	0
Vaxtaberandi skuldir, þ.m.t. næsta árs afborgun			14.448	12.171
Næsta árs afborganir vaxtaberandi skulda			(2.593)	(451)
Langtímaskuldir samtals			11.855	11.720

Afborganir vaxtaberandi skulda greinast þannig á næstu ár:

Afborganir innan árs	2.593	451
Afborganir eftir 1 til 2 ár	2.944	457
Afborganir eftir 2 til 3 ár	443	2.949
Afborganir eftir 3 til 4 ár	444	452
Afborganir eftir 4 til 5 ár	453	458
Afborganir síðar	7.571	7.404
Samtals	14.448	12.171

Gangvirði fjáreigna og fjárskulda er jafnt bókfærðu verði þeirra.

12. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	30.11.2022	28.2.2022
Viðskiptaskuldir	13.502	11.227
Aðrar skammtímaskuldir	2.908	3.102
Tekjuskattur til greiðslu	1.241	770
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals	17.651	15.099

13. Leigueignir og leiguskuldir

Leigueignir og leiguskuldir samstæðunnar sem leigutaka eru eingöngu vegna húsnæðis. Leigueignir og leiguskuldir vegna lóðaleigusamninga eru ekki færðar.

Leigueignir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

	30.11.2022	28.2.2022
Leigueignir í upphafi tímabils	8.151	8.255
Nýir samningar á tímabilinu	889	1.442
Verðbætur á tímabilinu	731	463
Afskriftir tímabilsins	(1.308)	(1.587)
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	1	(422)
Leigueignir í lok tímabils	8.464	8.151

SKÝRINGAR, FRH.:

13. Leigugeignir og leiguskuldir frh.

Leiguskuldir greinast þannig frá upphafi til loka tímabilsins:

	30.11.2022	28.2.2022
Leiguskuldir í upphafi tímabils	8.884	9.029
Nýir samningar á tímabilinu	889	1.442
Afborgunarþáttur leigugreiðslna	(1.272)	(1.627)
Verðbætur á tímabilinu	731	463
Aðrar breytingar samninga á tímabilinu	1	(422)
Leiguskuldir í lok tímabils þ.m.t. næsta árs afborgun	9.233	8.884
Næsta árs afborgun leiguskulda	(2.041)	(1.966)
Leiguskuldir í lok tímabils	7.192	6.918

Afborganir leiguskulda greinast þannig á næstu ár:

	2022	2021
Afborganir innan árs	2.041	1.966
Afborganir eftir 1 til 2 ár	1.679	1.449
Afborganir eftir 2 til 3 ár	1.510	1.086
Afborganir eftir 3 til 4 ár	1.277	990
Afborganir eftir 4 til 5 ár	879	859
Afborganir síðar	1.847	2.534
Samtals	9.233	8.884

Heildarleigugreiðslur sem tengjast þeim leigusamningnum sem færðir eru samkvæmt leigustaðli IFRS 16 námu 1.646 millj. kr. á tímabilinu (2021/22: 1.591 millj. kr.). Vaxtagreiðslur sem tengjast leigusamningum eru færðir til gjalda samanber skýringu 8.

14. Félög í samstæðu

Dótturfélög í samstæðu Haga hf. voru sex í lok tímabilsins. Dótturfélögin eru eftirfarandi:

	Staðsetning	Eignarhlutur	
		30.11.2022	28.2.2022
Hagar verslanir ehf.	Ísland	100%	100%
Olís ehf.	Ísland	100%	100%
Banana ehf.	Ísland	100%	100%
Noron ehf.	Ísland	100%	100%
Stórkaup ehf.	Ísland	100%	100%
Eldum rétt ehf.	Ísland	100%	0%
Mjöll Frigg ehf.	Ísland	0%	100%

Mjöll Frigg ehf., dótturfélag Olís ehf., var selt 1. ágúst 2022 og er ekki hluti af samstæðunni frá þeim tíma. Eldum rétt ehf. er hluti af samstæðu frá og með 1. nóvember 2022.

15. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar félagsins eru stórir hluthafar í félaginu, hlutdeildarfélag þess, lykilstjórnendur og stjórnarmenn. Viðskipti á milli félagsins og dótturfélaga þess, sem eru skilgreind sem tengdir aðilar, hafa verið færð út í samstæðureikningsskilum og eru ekki hluti af þessari skýringu.

Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti við tengda aðila greinast þannig:

	2022	2021
	1.3.-30.11.	1.3.-30.11.
Seldar vörur og þjónusta	178	169
Keyptar vörur og þjónusta	1.419	1.200
Viðskiptakröfur í lok tímabils	26	2
Viðskiptaskuldir í lok tímabils	125	94

16. Breytingar á samstæðunni

Sala á þróunareignum og fjárfesting í Klasa ehf.

Þann 3. desember 2021 undirrituðu Hagar hf. samning um áskrift að hlutafé í fasteignaþróunarfélaginu Klasa ehf. en líkt og tilkynnt var þann 24. september 2021 undirrituðu Hagar hf., Reginn hf., Klasi ehf. og KLS eignarhaldsfélag ehf. viljayfirlýsingu um frekari uppbyggingu og rekstur fasteignaþróunarfélagsins Klasa. Þann 10. júní 2022 undirrituðu Hagar sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kaupanna, með þremur skilyrðum sem Hagar skuldbinda sig til að hlíta.

Framlag Haga í viðskiptunum eru fasteignir og lóðir og er metið á 3.912 millj. kr. Eignarhlutur Haga í Klasa er 1/3 af útgefnu hlutafé, líkt og eignarhlutur Regins og KLS eignarhaldsfélags. Verðmæti eigna Klasa eftir viðskiptin eru um 14,8 ma. kr. og eiginfjárlutfall félagsins er 79%.

Viðskiptin komu til framkvæmda í lok 2. ársfjórðungs, þann 31. ágúst 2022, þegar öllum fyrirvörum hafði verið aflétt. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna koma fram á 2. ársfjórðungi. Þar sem viðskiptin tengjast framlagi verðmæta í hlutdeildarfélag Haga er óheimilt samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum að innleysa í rekstrarreikningi þann hluta söluhagnaðarins sem nemur eignarhlutdeild samstæðu Haga í Klasa. Af því leiðir að 33,3% af fjárhæð söluhagnaðarins er færður til lækkunar á bókfærðu verði eignarhlutarins í Klasa. Áhrif söluhagnaðar á EBITDA samstæðunnar, að frádregnum sölukostnaði, nemur 966 millj. kr. Bókfærður eignarhlutur Haga í Klasa nemur 3.403 millj. kr., að frádregnum óinnleystum söluhagnaði eigna, sem færður er sem eignarhlutur í hlutdeildarfélagi í efnahagsreikningi.

Fasteignir sem seldar voru inn í Klasa voru í lok árs 2021/22 endurflokkaðar og settar fram sem eignir til sölu í efnahagsreikningi.

Sala á Mjöll Frigg ehf.

Á öðrum ársfjórðungi 2022/23 var Mjöll Frigg ehf., dótturfélag Olís ehf., selt út úr samstæðunni. Fjárhagsleg áhrif viðskiptanna voru sölutap að fjárhæð 84 millj. kr.

Kaup á Eldum rétt ehf.

Þann 17. október 2022 samþykkti Samkeppniseftirlitið kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf. Eldum rétt sérhæfir sig í gerð matarpakka sem viðskiptavinir geta pantað á netinu en í hverri viku geta viðskiptavinir valið á milli nýrra uppskrifta. Eldum rétt var stofnað árið 2013 en stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins hafa skapað sterkt vörumerki á skömmum tíma. Afhending og greiðsla kaupverðsins fór fram þann 1. nóvember 2022 og áhrif kaupanna á rekstrarreikning og efnahagsreikning Haga koma fram frá og með sama tíma.

17. Önnur mál

Hagar hafa skuldbundið sig til að kaupa fasteign á höfuðborgarsvæðinu. Áætluð afhending er á fyrsta ársfjórðungi 2023/24 og kaupverð nemur um 1.010 millj. kr.

Á þriðja ársfjórðungi barst félaginu endurgreiðsla flutningsjöfnunargjalds að upphæð 451 millj. kr. með vöxtum sem færð er meðal annarra rekstrartekna hjá Olís á fjórðungnum.

SKÝRINGAR, FRH.:

18. Helstu kennitölur samstæðunnar eru eftirfarandi

	2022 1.3.-30.11.	2021 1.3.-30.11.
<i>Rekstur</i>		
Rekstrarhagnaðarlutfall (rekstrarhagnaður fyrir afskriftir / vörusölu)	7,9%	8,0%
Launahlutfall (laun og launatengd gjöld / vörusölu)	8,6%	9,5%
Kostnaðarlutfall (annar rekstrarkostnaður / vörusölu)	4,1%	4,2%
Veltuhraði birgða (kostnaðarverð seldra vara / meðalbirgðastaða)	10,1	10,2
Innheimtutími viðskiptakrafna í dögum	10,4	10,2
<i>Efnahagur</i>		
	30.11.2022	28.2.2022
Veltufjárhlutfall (veltufjármunir / skammtímaskuldir)	0,98	1,01
Lausafjárhlutfall ((veltufjármunir-birgðir) / skammtímaskuldir)	0,34	0,40
Skuldsetning (nettó vaxtaberandi skuldir / rekstrarhagnaður fyrir afskriftir) ...	1,85	2,28
Eiginfjárhlutfall (eigið fé / heildareignir)	37,8%	41,0%
Innra virði hlutafjár (eigið fé / hlutafé)	24,30	23,46